

# Fundargerð 33. fundar

## stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2017, þriðjudaginn 30. maí kl. 15:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gauti Jóhannesson, Páll Björgvin Guðmundsson, Steinunn María Sveinsdóttir, Anna Lind Ragnarsdóttir og Sigrún Árnadóttir.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Samtök fiskeldissveitaréлага - 1703001SU

Rætt um hugmyndir að stofnun sérstakra samtaka fyrir svokölluð fiskeldis- eða lagareldissveitarfélög.

*Í framhaldi af fundi sem haldinn var á Reyðarfirði og í ljósi umræðu um skipulag haf- og strandsvæða samþykkir stjórn að bjóða lagareldissveitarfélögum að sækja um aðild að samtökunum. Ef áhugi er á slíku þá mun stjórn leggja til að boðaður verði auka aðalfundur í haust til að samþykkja breytingar á samþykktum þar sem hlutverk samtakanna verður útvíkkað svo lagareldissveitarfélög geti gengið formlega í samtökin.*

### 2. Vorfundur 2017 - 1703002SU

Rætt um fyrirhugaðan vorkund samtakanna sem haldinn verður 7.-8. júní á sunnanverðum Vestfjörðum.

### 3. Frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða - 1701001SU

Lagt fram frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða. Einnig lögð fram drög að umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 30. maí 2016.

*Ákveðið að óska eftir lengri frest hjá Nefndarsviði Alþingis og taka málið upp á næsta fundi sem haldinn verður 7. júní 2017.*

### 4. Sjávarútvegsfundur 2017 - 1705001SU

Samkvæmt 9.gr. samþykktu samtakanna skal halda sjávarútvegsfund annað hvert ár. Sjávarútvegsfundur er ætlaður sem almennur kynningar- og fræðslufundur fyrir starfsmenn, stjórnendur og bæjarfulltrúa aðildarsveitarfélaga um tiltekin málefni sem stjórnin ákveður.

*Samþykkt að fresta málinu til næsta fundar.*

Fundi var slitið kl. 15:30